

Handbók um leikjahald úrvals- og 1. deilda KKÍ





Almennt

Handbók þessi er liður í því að gera körfuknattleiksstarfið enn betra og faglegra. Aðildarfélög KKÍ vinna nú þegar mikið og gott starf en handbókin er hugsuð til þess að samræma starf allra félaga og stuðla þannig að sem glæstri umgjörð körfuboltans á Íslandi.

Körfuboltinn er ein vinsælasta íþróttagrein landsins og því fylgir töluverð umfjöllun í fjölmiðlum og fjölgun áhorfenda. Því er því mjög mikilvægt að umgjörð og allt starf tengt körfuboltanum sé eins og best verður á kosið. Handbókin er númer eitt hugsuð sem hjálpartæki til að stuðla að betra skipulagi á tímum þar sem erfiðara og erfiðara er að fá sjálfboðaliða til starfa á sama tíma og auknar kröfur eru gerðar til félaganna úr ýmsum áttum. Með handbókinni er ætlunin að gera verkaskiptingu sjálfboðaliða skýrari og ætti hún að auðvelda stýringu og heildarsýn starfsins fyrir forráðamenn félaganna. KKÍ hvetur því forráðamenn félaganna að kynna þessa handbók fyrir stjórnarfólki, starfsfólki og sjálfboðaliðum, þannig að handbókin nýtist ykkar félagi sem best.

Handbókin á að koma á ákveðinni formfestu vegna samningsbundinna leikmanna með skýrum reglum og upplýsingum um þá. Aukin áhersla er lögð á að halda úti virkum heimasíðum félaganna og samfélagsmiðlum þeim tengdum, vera með upplýsingagjöf um starfið, samstarfsaðila og fleira.

Mikilvægt er að muna eftir samstarfsaðilum, bjóða þeim á leiki, láta vita af sér, hafa skilti og annað uppi samkvæmt samningum. Auk þess er félögum heimilt að gera fleira þótt utan samnings sé. Viðtöl eftir leiki skulu tekin á svæði með bakgrunnsgardínu með lógóum samstarfsaðila og skal sama eiga við um önnur viðtöl og myndatökur. Ætlast er til að félögin séu í góðum samskiptum við bæjar-, hverfis- og héraðsmiðla sem ætti að stuðla að enn jákvæðri ímynd íþróttarinnar í nærsamfélaginu.

Körfuboltakveðja

Hannes S. Jónsson, framkvæmdastjóri KKÍ



Umsjón leikja og starfsfólk

Allir starfsmenn leiks skulu hafa þekkingu og færni til að valda starfi sínu. Starfsmönnum leiks, tölfræðiriturum og þátttakendum er með öllu óheimilt að stunda veðmál sem tengjast þeim leikjum sem þeir starfa við eða taka þátt í.

Starfsmönnum leiksins er með öllu óheimilt að ræða við dómara um einstaka atriði sem koma upp í leik og verða að gæta hlutleysis. Aðaldómari leiks er ábyrgur fyrir að samþykkja öll frávík frá hefðbundinni framkvæmd leikja.

Heimaleikjastjóri:

- Er ábyrgðaraðili leiks og skal þekkja alla þætti leikjahalds heimaliðs. Félag skal hafa að lágmarki einn heimaleikjastjóra sem hefur yfirsýn og stýrir allri framkvæmd leiksins.
- Er umsjónaraðili leiksins og verður að vera tiltækur fyrir alla starfsmenn og fjölmiðla hvenær sem á leik stendur. Hann þarf að hafa vald og úrræði til að takast á við óvænt atvik og geta stýrt slíkum upþákomum til lausnar ef þess þarf.
- Hefur heimild til þess að vísa áhorfendum út úr húsi ef sýnd er ógnandi eða óíþróttamannsleg hegðun. Einnig má hann grípa til aðgerða sem stuðla að því að tryggja öryggi allra sem að leiknum koma. Gott er að hafa úrræði (plan B) við öllu því helsta sem getur bilað s.s. leikklukka, skotklukka, hringir, spjöld, net og hlífar á spjöldum.

Þekking og hæfni

Heimaleikjastjóri þarf að:

- vera lipur í samskiptum en hafa jafnframt getu til þess að taka ákvarðanir og fylgja þeim eftir,
- hafa skilning á mikilvægi allra starfa í framkvæmd körfuknattleiksleikja,
- hafa reynslu og getu til að leiða hóp starfsmanna,
- hafa öryggishugsun og vera umhugað um alla sem að leiknum koma.

Verkefni og ábyrgðarsvið

Heimaleikjastjóri þarf að:

- Sjá til þess að farið sé eftir tilmælum bruna-, vinnu- og heilbrigðiseftirlits ef slík tilmæli liggja fyrir.
- Tryggja mönnun allra verkefna við framkvæmd leiksins.
- Tryggja að allir starfsmenn leiksins hafi fengið næga þjálfun og reynslu til að valda starfi sínu af öryggi og vandræðalaust.
- Tryggja að starfsmenn hafi fengið skýra leiðsögn um hlutverk sitt og séu vel merktir (helst í skærum/áberandi litum).
- Verður að geta unnið náið með dómurum, eftirlitsmanni, starfsmönnum leiks, fjölmiðlamönnum og öðrum þátttakendum.
- Skal hitta dómara leiks klukkustund fyrir auglýstan leiktíma og fara yfir helstu mál.
- Skal annast skipulag allra verkþátta til að tryggja faglega framkvæmd leiks og öryggi bæði þátttakenda og áhorfenda.
- Skal vera umhugað um öryggi þátttakenda, starfsmanna og gesta.
- Skal reyna að greina hættur í umhverfi og minnka möguleg áhrif þeirra (áhættumat).



- Vera reiðubúinn, ásamt gæslufólki, til að grípa inn í atburðarrás til að koma í veg fyrir eða minnka áhrif upppota eða agamála. Komi upp atvik innan vallar sem gæslufólk þarf að grípa inn í skal slíkt ávallt gert í samráði við eftirlitsmann eða dómara leiks.
- Ber ábyrgð á að allur búnaður sé í samræmi við kröfur og sé í lagi.
- Skal tryggja að starfsmenn kunni á búnað sem þeir koma til með að starfa með (s.s. starfsmenn á ritaraborði ef leiðrétt þarf villur í tímamælingu, stigaskori o.þ.h.).
- Þarf að tryggja að fyrir liggi ákveðið verklag við erfiðar aðstæður sem geta skapast t.d. vegna slysa, óhappa eða agamála.
- Eiga samstarf fyrir leik og á meðan leik stendur með fyrirliðum stuðningsmannasveita og kynna fyrir þeim reglur og staðsetningu, framkomu og meðferð búnaðar (s.s. reglur um trommur, rafræn kallkerfi, fána o.þ.h. ef slíkar reglur liggja fyrir). Fyrirliða stuðningsmannasveita ber að hlíta fyrir mælum umsjónarmanns leiks og starfa náið með honum.
- Hefur heimild til þess að vísa áhorfendum úr húsi sem sýna ósæmandi eða ógnandi hegðun og/eða framkomu.
- Sjá til þess að umgjörð leiks sé fagleg og til fyrirmyndar.

Sérstök verkefni

Heimaleikjastóri gæti þurft að:

- bregðast við þekktum vandamálum sem gjarnan koma upp s.s. ef:
 - leikklukka og/eða skotklukka verður óvirk,
 - nettengingu vantar fyrir tölfærðiskráningu eða tölva/forrit ræstist ekki rétt,
 - skipta þarf um körfuspjald, körfuhring eða net í körfuhring.
- þurrka upp blóð og hreinsa slysavettvang.
- kalla til sjúkrabíl ef þörf er á.

Fjölmiðlafulltrúi

Fjölmiðlafulltrúi sér um samskipti við fjölmiðla og aðstoðar þá ef þörf er á. Hann skal sjá til þess að fjölmiðlamenn fái það sem þá vantar, huga að aðstöðu þeirra og hugsa vel um þá. Fyrirmæli þessi eiga við fyrir leik, á meðan leik stendur og eftir að leik lýkur.

Verksvið:

Fjölmiðlafulltrúi þar að:

- aðstoða fjölmiðla við að fá leikmenn og þjálfara í viðtöl strax að leik loknum,
- gæta þess að viðtalsbakgrunnur sé fyrir aftan viðmælendur í öllum sjónvarpsviðtölum bæði fyrir og eftir leik og í öðrum viðtölum sé það mögulegt,
- tryggja að starfsmenn Stöðvar 2 Sport hafi forgang að leikmönnum og þjálfurum í viðtöl í leikjum sem sýndir eru í beinni útsendingu og um leið tryggja að ekki verði bið eftir viðmælendum í beinni útsendingu.

Gæsla og öryggi

Gæslumenn skulu vera þannig merktir að þeir skeri sig úr fjöldanum (hvorki í litum liða sem spila leikinn né svartklæddir). Gæslumenn mega aldrei vera færri en sex í deildarkeppni eða tíu í úrslitakeppni. Nauðsynlegan umframfjölda gæslumanna skal miða við umfang leiks og áhorfendafjölda.



Við lok fyrri hálfleiks og í leiksklok skulu tveir gæslumenn vera til taks við ritaraborð ef dómarar vilja komast til búningsklefa og skulu þeir einnig fylgja þeim aftur úr klefa áður en seinni hálfleikur hefst.

Verksvið:

Gæslumenn þurfa að:

- tryggja útgönguleiðir, sérstaklega ef þátttakenda leiks er vísað úr húsi,
- tryggja að leikmenn og dómarar komist óáreittir úr og til búningsklefa,
- fylgja dómurum að búningsklefum í og úr hálfleik og um leið og leik lýkur,
- tryggja að ekki sé þrengt um of að þátttakendum leiksins,
- tryggja að þátttakendur og starfsfólk leiks sé óáreitt á meðan leik stendur.

Vallarstarfsmenn

Starfsmenn á og við leikvöll þurfa að vera vant, fullorðið fólk eða stálpaðir krakkar sem valda hlutverki sínu. Lágmark er að hafa einn starfsmann til að þurrka bleytu á gólfi á hvorum enda vallarins í leik og skulu þeir vera staðsettir fyrir aftan endalínur vallarins. Vallarstarfsmenn skulu vera með athygli á gangi leiks og hafa gott aðgengi að velli til þess að komast inn á hann á meðan leik stendur. Þeir skulu jafnframt hafa góðan búnað t.d. til þess að þurrka bleytu af gólfi. Vallarstarfsmenn skulu vera sérstaklega merktir þannig að þeir séu auðgreinanlegir frá öðrum.

Verksvið:

Vallarstarfsmenn þurfa að:

- bregðast hratt og vel við ef þurrka þarf bleytu eða annað af gólfi,
- gæta þess að einungis þátttakendur leiks komi inn á leikvöll í leikhléum eða í hálfleik,
- tryggja að engir boltar, aðrir en leikbolti, séu í notkun á meðan leik stendur og að áhorfendur hafi ekki aðgang að boltum, körfum eða öðrum áhöldum,
- lagfæra net ef það festist í körfuhring og gæta þess að netið hangi frjálst.

Ritaraborð og tölfraeðiritarar

Starfsmenn ritaraborðs skulu vera vanir í starfi og kunnugir tækjum sem notuð eru hverju sinni. Þeir skulu vera mættir minnst 40 mínútum áður en leikur hefst. Á ritaraborði skal vera stefnuör, villuspjöld og rauðar keilur til að sýna að lið sé komið með skotrétt.

Á meðfylgjandi mynd úr leikreglum (2.6. í leikreglum FIBA) má sjá uppsetningu ritaraborðs og varamannastóla.



2.6 Position of the scorer's table and substitution chairs (Diagram 5)

1 = Shot clock operator


2 = Timer

x = Substitution chairs

3 = Commissioner, if present

4 = Scorer

5 = Assistant scorer



The scorer's table and its chairs must be placed on a platform. The announcer and/or statisticians (if present) can be seated at the side of and/or behind the scorer's table.

Diagram 5 Scorer's table and substitution chairs

- Shot clock operator = skotklukkuvörður
- Timer = tímavörður
- Commissioner = eftirlitsmaður
- Scorer = ritari
- Assistant scorer = stigavörður

Starfsmenn ritaraborðs:

- Starfsmenn skulu hafa lokið samræmdu námskeiði hjá KKÍ og hafa starfað á a.m.k. tíu leikjum á síðustu tveimur keppnistímabilum sem starfsmenn ritaraborðs á einhverju leikstigi.
- Þeir skulu tilnefndir með a.m.k. 24 klst. fyrirvara af umsjónamanni leiks til KKÍ.
- Í úrslitakeppnum skulu starfsmenn ritaraborðs hafa starfað á a.m.k. sex leikjum þess keppnistímabils (í efstu tveimur deildum karla og kvenna) eða hafa virka FIBA table officials vottun og eru engar undanþágur veittar.
- Takist heimaliði ekki að tilnefna starfsmenn sem uppfylla fyrrgreindar kröfur með a.m.k. 24 klst. fyrirvara mun KKÍ tilnefna starfsmenn.

Tímavörður:

- Tímavörður skal hafa flautu til taks til að gefa hljóðmerki til dómara ef þarf.
- Leikklukka verður að bjóða upp á þann valmöguleika að stilla megi fyrirfram ákveðinn tíma inn, t.d. ef breyta þarf leiktíma á leikklukku, stigaskori eða skotklukku. Umsjónarmaður leikklukku skal hafa þekkingu og hæfni til þess að framkvæma slíkar breytingar á leikklukkunni.

Ritari:

- Skal hafa fullnægjandi kunnáttu í ritun leikskýrslu.
- Skal sjá til þess að allar upplýsingar um leikinn séu komi fram á skýrslu.
- Skal hafa fjóra liti af pennum til afnota og skipta um lit á penna fyrir hvern leikhuta.

Aðstoðaritari:

- Skráir stig og villur á leikklukku.
- Starfar náið með ritara til að tryggja að upplýsingar séu réttar.



- Þarf að geta leiðrétt stigaskor og villur.

Tölfræðiritarar:

- Tölfræðiritari skal vera tilnefndur af heimaliði minnst 24 klst. fyrir leiktíma. Ef heimalið tekst ekki að tilnefna tölfræðiritara skal KKÍ tilnefna tölfræðiteymi og skal heimalið greiða fyrir störf þeirra samkvæmt gjaldskrá dómara í ungmennaflokki karla.
- Tölfræðiteymi skal standa saman af a.m.k. tveimur einstaklingum.
- Tölfræðiritarar skulu notast við nýjustu tölfræðiskilgreiningar frá FIBA hverju sinni. Bæði tölfræðiritari og hvíslari skulu hafa setið námskeið og fengið vottun frá KKÍ eða FIBA.

Aðstaða tölfræðiritara:

- Tölfræðiritarar skulu vera staðsettir á eða við ritaraborð. Heimilt er að staðsetja þá á sérstöku tækniborði ef aðstæður leyfa.
- Nettenging skal helst vera tengd með netkapli. Ef netkapall er ekki til staðar skal hafa þráðlausa nettengingu, helst ekki á sama neti og fjölmiðlar og allra síst á opnu neti. Tölfræði skal vera lifandi á netinu.
- Ef netsamband rofnar þá skal tölfræðiritari halda störfum áfram og ljúka leiknum á hefðbundin hátt þegar netsamband kemst á.
- Prentari skal vera til staðar og prenta skal út tölfræði leiks fyrir bæði lið milli leikhluta.

Kynnir leiks skal:

- Kynna leikmenn, þjálfara og dómara leiks fyrir áhorfendum fyrir alla leiki.
- Þarf að gæta hófsemi og gæta að íþróttamannslegri framkomu.
- Sýna háttsemi í hvítvetna og sýna liðum, starfsmönnum leiks og áhorfendum virðingu.
- Skal sýna báðum liðum álíka ákafa og tilþrif við kynningar á leikmönnum og þjálfurum. Það getur talist eðlilegt að heildartími leikmannakynninga skiptist þannig að 40% fari í kynningu á gestaliði og 60% í kynningu á heimaliði. Meiri munur en ofangreint hlutfall gefur til kynna telst ekki eðlilegt né við hæfi.
- Má hvetja áhorfendur til að styðja sín lið og jafnvel hefja hvatningarhróp. Slíkt skal þó einungis gert stutt og snögg, þegar knöttur er úr leik eða lið sem hefur vald á knetti er á bakvelli.
- Má ekki taka að sér kerfisbundið að stýra hvatningu heimaliðs.

Tónlistarstjóri:

- Hefur umsjón með tónlist fyrir leik og í leikhléum.
- Skal gæta þess að hljóðstyrkur sé innan leyfilegra marka (samkvæmt heilbrigðiseftirliti) og að lagaval sé við hæfi (með tilliti til texta).
- Hefur ekki heimild til að spila tónlist á meðan leik stendur, að leikhléum undanskildum, óháð því hvort knöttur er í leik eða ekki.



Búnaður og uppsetning leikvallar

Mikilvægt er að öruggt sér að sá búnaður sem notaður er uppfylli allar kröfur sem gerðar eru, svo framkvæmd leiks verði sem best. Jafnframt er mikilvægt að annar búnaður og uppsetning leikvallar valdi þátttakendum tryggi öryggi þátttakenda leiks.

Styrktaraðili úrvalsdeildar

Í leikjum úrvalsdeildar skal auglýsingaskilti styrktaraðila deildar vera stillt upp í horni leikvallar þannig að það sé ávallt sýnilegt í útsendingum af leikjum. Ef notast er við LED auglýsingaskilti skal tryggja að birtingar séu 15 sek á minnst 4 mín fresti. Ef félag er með LED skilti skal auglýsig styrktaraðila deildar vera á LED skilti.

Klukkubúnaður

Allur klukkubúnaður skal vera FIBA vottaður. Nota má LED skjái, en þó skal tryggt að sá búnaður sem tengist LED skjáum sé vottaður af FIBA.

Leikklucca:

Leikklucca skal:

- vera sýnileg fyrir alla í húsinu, hvort sem er áhorfendur eða þátttakendur leiks,
- hafa hljóðmerki sem heyrist yfir hávaða frá áhorfendaskara,
- vera með rauðan borða á körfuspjaldi sem lýsist upp þegar leikklucca rennur út,
- sýna nöfn og númer leikmanna ásamt leikmannavillum og stigaskori leikmanna,
- skal vera hægt að leiðrétta niður í sekúndubrot.

Skotklukka

Skotklukka skal:

- vera sýnileg fyrir alla í húsinu, hvort sem er áhorfendur eða þátttakendur leiks,
- vera fyrir ofan körfuspjöld skv. leikreglum,
- hafa hljóðmerki sem heyrist yfir hávaða frá áhorfendaskara,
- vera með gulan borða á körfuspjaldi sem lýsist upp þegar skotklukka rennur út,
- telja niður sekúndubrot síðustu 5 sek skotklukku,
- skal vera hægt að leiðrétta niður í sekúndubrot.

Auglýsingar í kringum leikvöll

Auglýsingar styrktaraðila mega ekki ógna öryggi þátttakenda leiks.

- **Öll málmspjöld eru bönnuð** á gólfi leikvallar, óháð fjarlægð frá leikvelli.
- Auglýsingaspjöld mega ekki vera með beittar brúnir eða horn, þannig þarf að verja ytri brúnir spjaldanna þannig að þær ógni ekki öryggi þátttakenda leiks.
- Auglýsingaspjöld mega ekki vera hærri en einn (1) metri á hæð.
- Auglýsingaspjöld skulu vera gegnt upptökuvél.
- Undirstöður auglýsingaspjalda skulu vera öruggar þannig að þátttakendur slasist ekki við árekstur. Séu undirstöður auglýsingaspjalda úr málmi skal verja þær þannig að engar brúnir standi fram eða geti valdið hættu við árekstur.
- Skulu vera 2 metra frá leikvelli. Í þeim tilfellum þar sem mannvirki býður ekki upp á að auglýsingar geti ekki verið 2 metra frá leikvelli skal koma þeim fyrir eins langt frá og kostur er á



hliðarlínu. Auglýsingar á endalínu verða að vera minnst 2 metra frá. Sé það ekki möguleiki er bannað að vera með auglýsingaspjöld fyrir aftan endalínu.

Auglýsingar verða því að fylgja reglum FIBA þar um og uppsetning þeirra að vera skv. leikreglum, sbr. myndir 15 og 16 hér fyrir neðan. Þannig skal vera bil undir körfu eins og sýnt er á myndinni hér að neðan.

Varamannabekkir og ritaraborð

Uppsetning varamannabekkjja og ritaraborðs skiptir máli til að öryggi þátttakenda sé tryggt sem best og til að framkvæmd leiks sé eins góð og kostur er.

- Ritaborð skal vera 2 metra frá leikvelli. Ef brúnir ritaborðs eru beittar skal verja þær, svipað og gert er með neðri brún körfuboltaspjalds.
- Varamannabekkir skulu vera 2 metra frá leikvelli.



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS · ICELANDIC BASKETBALL ASSOCIATION

Íþróttamiðstöðin Laugardal · Engjavegi 6, 104 Reykjavík · kki@kki.is Sími: [+354] 514 - 4100 Fax: [+354] 514 - 4101 · www.kki.is




Diagram 15 Advertising boards – main camera table side




Diagram 16 Advertising boards – main camera opposite side



Aðstaða og aðgengi á leikstað

Mikilvægt er að aðstaða á leikstað sé til fyrirmyndar. Hún þarf m.a. að uppfylla kröfur yfirvalda um öryggismál, brunavarnir, hreinlæti og almennt aðgengi. Aðstaða skal vera hrein og aðlaðandi eftir því sem kostur er bæði innan vallar sem utan. Merkingar á leikvelli skulu vera skýrar og settar upp á viðeigandi stöðum eftir settum reglum.

Leikvöllur og svæði varamanna

- Allar línur á leikvelli skulu vera heilar og óbrotnar.
- Miðlínán má vera í öðrum lit og jafnframt má nota límband í líkum/daufum lit til að tákna línu ef auglýsing hylur línur vallarins.
- Allar línur á leikvelli verða að vera skýrar og sjáanlegar af stuttu færi.
- Gera skal ráð fyrir 16 stólum á svæði varamanna fyrir þjálfara, leikmenn og aðra fylgismenn liðs. Stólarnir skulu allir vera staðsettir innan svæðis varamanna og eins langt frá leikvelli og kostur er.

Aðstaða fyrir þátttakendur leiks

- Búningsherbergi liða skulu vera hrein og til einkaafnota fyrir liðin. Þar skulu vera a.m.k. fimm sturtur og helst tvö salerni og tveir vaskar.
- Búningshergi skulu rúma a.m.k. 20 manns með sætum og hafa fatahengi fyrir alla.
- Búningsherbergi skulu vera tryggilega læst á meðan leik stendur.
- Búningsherbergi skulu vera staðsett þannig að sem styst leið sé á milli þeirra og leikvallar.

Aðstaða fyrir dómara leiks

- Búningsherbergi dómara skulu vera hrein og til einkaafnota fyrir dómara leiks. Þar skulu helst vera tvær sturtur, salerni, vaskur, fjórir stólar (eða bekkur) og borð.
- Búningsherbergið þarf að rúma fjóra einstaklinga og hafa fatahengi fyrir alla (vera a.m.k. 12 m²) og vera tryggilega læst á meðan leik stendur.
- Taka þarf tillit til þess að dómarar leiks geta verið af báðum kynjum og þarf þá að bjóða upp á aðskilin búningsherbergi fyrir dómara leiksins ef svo ber undir.
- Búningsherbergi skulu vera staðsett þannig að sem styst leið sé á milli þeirra og leikvallar.

Aðstaða fyrir fjölmiðla

- Tryggja þarf að fjölmiðlamenn hafi aðgang að sæti við borð með aðgengi að rafmagni og nettengingu. Mælt er til þess að bjóða upp á kaffi og með því.
- Tryggja skal góða aðstöðu fyrir myndatökumenn fyrir miðjum velli, helst þannig að áhorfendur séu í bakgrunni. Aðstaða myndatökumanns má þó ekki þrengja að annarri aðstöðu starfsmanna eða þátttakenda leiks.

Aðgengi neyðarbíla

- Tryggja þarf aðgengi neyðarbíla og sjúkraflutningamanna ef til þess kemur. Mikilvægt er að tryggja greiða aðkomu og útgönguleið.



Félagaskipti og leikmannasamningar

Mikilvæg atriði sem þarf að hafa í huga samkvæmt reglugerð um félagaskipti og leikmannasamninga.

Félagaskipti

Leikmaður sem er ekki með gildan samning við félag er heimilt að skipta yfir í annað félag, sé hann ekki bundinn sínu gamla félagi á neinn hátt og telst því ósamningsbundinn. Ef leikmaður ætlar að hafa félagaskipti þarf að hlíta reglugerð KKÍ um félagaskipti.

Samningsbundinn leikmaður getur ekki haft félagaskipti nema bæði félagið, sem leikmaður er samningsbundinn og leikmaðurinn sjálfur komist að samkomulagi um að leysa hvort annað undan samningi. Ef báðir aðilar samnings komast að slíku samkomulagi getur leikmaður haft félagaskipti og skal hlíta reglugerð KKÍ um félagaskiptin.

Ef leikmaður á að vera löglegur samdægurs þarf félagaskiptablað og/eða LOC beiðni að berast skrifstofu sambandsins fyrir kl.14:00 þann sama dag

Nánari upplýsingar og reglur um félagaskipti er að finna í reglugerð um félagsskipti inn á www.kki.is.

Tímabil félagaskipta

Félagaskipti eru heimil frá og með 1. júní til og með 31. janúar. Félagaskipti eru óheimil frá og með 1. febrúar til og með 31. maí.

Skráning leikmannasamninga

Félög þurfa að færa alla leikmannasamninga inn á sitt svæði á heimasíðu KKÍ. Uppfærsla samningsins er gerð undir *Félagaskráning* (neðst á síðu KKÍ) og þar eiga félög að færa inn samninga samningsbundinna leikmanna.

Öll skráning samninga er í höndum félaganna og er það á ábyrgð hvers félags að tryggja að allir samningar séu færðir inn. Skráningin fer í sameiginlegan gagnagrunn á heimasíðu sambandsins, www.kki.is til að auðvelda aðgengi að upplýsingum um samningsbundna leikmenn.

Hægt er að flétta upp og skoða stöðu einstaka leimanna undir:

Mótamál ð Samningar og félagaskipti ð Samningsbundnir leikmenn.

Atriði sem þarf að hafa í huga við gerð og skráningu samninga:

- Félag skal, eigi síðar en einum mánuði eftir stofnun samnings, skrá inn samning á heimasíðu KKÍ sem inniheldur upplýsingar um hve lengi viðkomandi leikmaður er bundinn félaginu.
- Tilkynningin skal vera undirrituð af fulltrúa viðkomandi félags og leikmanni eða forsvarsmanni hans ef leikmaður er yngri en 18 ára.
- Óskráðir leikmannasamningar og samningar sem ekki eru skráðir innan við einum mánuði eftir undirskrift teljast ógildir og hafa ekki þýðingu við ákvörðun KKÍ eða aga- og úrskúrðarnefndar um félagsskipti.



Fjölmiðlar

Félögum er skylt að senda sína fulltrúa á þá fjölmiðla- og kynningarfundum sem KKÍ boðar til. Stefnt skal að því að hafa allar dagsetningar fyrir slíka fundi tilbúna í síðasta lagi 1. september. Á slíkum fundum ber leikmönnum og þjálfurum að mæta í liðsfatnaði í viðtöl og ætti vettvangurinn að vera góður staður fyrir félög að koma sínum stærstu samstarfsaðilum að.

Gott samstarf við fjölmiðla er mikilvægur þáttur í útbreiðslu körfuboltans og þurfa félög því að sinna þeim þætti af kostgæfni. Nauðsynlegt er að samstarfið byggji á trausti þar sem báðir aðilar leggi sitt af mörkum til að samstarfið gangi sem best fyrir sig.

Tryggja þarf að fjölmiðlamenn:

- Skili inn nauðsynlegum upplýsingum til KKÍ til þess að fá útgefið fjölmiðlaskírteini. Einungis handhafar slíkra skírteina hafa rétt til þess að starfa sem fjölmiðlamenn á leikjum.
- Fá útgefið fjölmiðlaskírteini til að greina þá frá öðrum gestum eða starfsmönnum leiks.
- Séu staðsettir þannig að þeir trufla ekki leik eða starfsmenn hans. Þá þurfa þeir að gæta þess að þeir stofni ekki þátttakendum eða öðrum í hættu með staðsetningu sinni.
- Virði fyrir mæli KKÍ um framkomu og umgengni á leikjum.

Félög þurfa að tryggja að:

- Fjölmiðlafulltrúi þeirra vinni með fjölmiðlamönnum og tryggja að kröfur um aðstöðu fyrir þá séu uppfylltar.
- Svæði fyrir fjölmiðlamenn sé þannig tryggt að þar geti þeir geymt útbúnað sinn, ef þeir svo kjósa og því mikilvægt að tryggja að engir aðrir en fjölmiðlamenn hafi aðgang að þeirri aðstöðu.
- Ljósmyndarar klæðist gulum vestum. Ljósmyndurum er heimilt að fara inn á vallarsvæði til að mynda fyrir leik, á meðan leik stendur og eftir leik. Þeir sem ekki eru klæddir gulum vestum er ekki heimilt að fara inn á vallarsvæðið.
- Umsjónarmenn leiks skulu gæta þess að aðrir en fjölmiðlar fari ekki inn á völl eða myndatökusvæði á meðan fjölmiðlar klára sín störf.



Áhorfendur og stuðningsmannasveitir

Það er öllum félögum mjög mikilvægt að eiga góða áhorfendur og stuðningsmannasveitir. Þessir hópar skipa stóran þátt í starfi hvers félags og því mjög mikilvægt að hlúa að þeim eins vel og kostur er. Það er afar brýnt að tryggja að þessir hópar sýni öllum þátttakendum leiks virðingu og vera um leið íþróttamannlegir í framkomu. Öllum áhorfendum ber að virða þær reglur sem gilda á leikstað og hlíta tilmælum frá starfsmönnum leiks.

Áhorfendur:

- Þurfa að virða tilmæli umsjónarmanns leiks, sérstaklega þegar ákveðnar reglur gilda fyrir um notkun á trommum, lúðrum, gjallarhornum, fánum og öðrum búnaði.
- Mega ekki ganga meðfram leikvelli eða koma alveg upp að honum til þess að koma skoðunum sínum eða tilmælum á framfæri. Slíkt verður túlkað sem ógnandi hegðun og varðar brottvísun.
- Mega ekki nota rafræn gjallarhorn samkvæmt tilmælum FIBA. Þó má umsjónarmaður leiks heimila slíka notkun til þess eins að koma skilaboðum til stuðningsmannasveita um stuðningsmannaköll. Séu slík tæki notuð til að kalla til þátttakenda leiks eða notuð á neikvæðan hátt munu þau verða fjarlægð.
- Mega ekki nota rafræn gjallarhorn eða annan búnað til þess eins að búa til hávaða.
- Mega ekki koma inn á leikvöll. Þeir mega ekki kasta einhverju inn á leikvöll, í átt að þátttakendum, dómurum eða starfsmönnum leiks. Slíkt verður túlkað sem ógnandi hegðun og varðar brottvísun.

Stuðningsmannasveitir:

- Þurfa að skal hafa einn fyrirliða í forsvari fyrir sveitina á leik. Sá skal vinna náið með umsjónarmanni leiks og virða tilmæli hans.
- Skulu þannig staðsettar að þær hindri ekki umgengi annarra áhorfenda til og frá áhorfendasvæðum.
- Skulu lúta sömu reglum og aðrir áhorfendur.